

Kennsluáætlun 2020 - 2021

Myndmennt 6.bekkur

Tímabil	Efnispættir - inntak	Námsgögn	Námsmat
Vika 1	Þrykk Nemendur búa til möppu og stimpla nafnið með legokubbum í anda „Minecraft#. Þurfa að finna út hvað stafirnir geta tekið mikið pláss.	Maskínupappír, legókubbar, þekjultir.	Leiðsagnarmat. Mat tekur til vinnusemi, verklagni og sköpunarþáttar.
Vika 2	Teikning Við tölum um hvað er líkt með okkur og hvað er ólíkt. Best að vera ánægður með sig eins og maður er því við breytum okkur ekki. Við gerum heldur ekki grín að útliti annarra. Nemendur læra að teikna sjálfsmynd eftir ákveðnum útreikningum og reglum.	A4 blöð, reglustikur, blýantar og speglar.	
Vika 3 - 4	Málun Nemendur taka frummyndina tvisvar sinnum í gegn á stærra blað. Annarri myndinni er haldið upprunalegri og hinni breytt. Nemendur æfa sig að blanda liti úr frumlitum og mála myndina með þekjultum. Að lokum málað yfir með bleki og svo skolað af. <i>Umræða um hvernig er húðlitur/andlitslitaður?</i>	A3 blöð, þekjultir og blek.	
Vika 5	Leir Nemendur gera vinnuteikningu að boxi með fígúru ofan á. Þeir móta það úr leir eftir teikningunni. „Líma“ hluti saman og glerja eftir fyrstu brennslu. Kveikjan er box Pandóru.	Steinleir, leirlím, glerungur og leiráhöld.	

Vika 6	Þrykk Nemendur kynnst verkum Gerðar Helgadóttur, sérstaklega kirkjugluggum. Vinna svo eigin verk í dúkristu, hugsa um línur og liti.	Dúkar, hnífar, þrykklitir og blöð 30x30.	
Vika 7	Teikning Nemendur klippa út líkamsparta úr tímaritum og teikna eftir, skoða smáatriði.	Tímarit, blöð og blýantar.	
LOKATÍMI	Nemendur fara yfir möppuna sína, velja uppáhaldsverk og segja frá því.		